

180. aðalráðstefna

Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

október 2010

„Hann kennir okkur að losna úr viðjum hins náttúrlega manns“

Öldungur Juan A. Uceda
af hinum Sjötíu

Morgun einn kom fjölskylda nokkur saman til að lesa í ritningunum eins og venja var. Faðirinn fann fyrir neikvæðum anda er þau söfnuðust saman: Sumir í fjölskyldunni vildu ekki taka þátt. Þau báðu saman fjölskyldubæn og er þau hófu ritningarlesturinn tók faðirinn eftir því að eitt barnanna var ekki með ritningarnar sínar. Hann bað hana að fara inn í herbergi sitt og sækja ritningarnar. Hún gerði það treglega og eftir nokkra stund, sem virtist heil eilífd, kom hún til baka, settist niður og sagði: „Þurfum við endilega að lesa núna?“

Faðirinn hugsaði með sér að óvinur alls réttlætis vildi skapa vanda, svo þau myndu ekki geta lesið í ritningunum. Faðirinn reyndi að halda ró sinni og sagði: „Já, við verðum að lesa núna, því það er það sem Drottinn vill að við gerum.“ Hún svaraði: „Mig langar eiginlega ekki til að lesa núna!“ Faðirinn missti þá þolinmæðina, hækkaði róminn og sagði: „Þetta er mitt heimili og við munum ætíð lesa í ritningunum á mínu heimili!“ Tónn og hljóðstyrkur orða hans særði dótturina og með ritningar í hönd yfirgaf hún fjölskylduhringinn, hljóp inn í svefnherbergi sitt og skellti hurðinni. Þannig fór fyrir þessum ritningarlestri fjölskyldunnar: Engin eining og lítið um kærleik á heimilinu.

Faðirinn vissi að hann hafði gert rangt og fór því inn í eigið svefnherbergi og kraup í bæn. Hann sárþændi Drottin um hjálp, vitandi að hann hafði sært eitt af börnum Drottins, dóttur sem hann virkilega elskaði. Hann bað Drottin um að andi kærleika og einingar yrði aftur á heimilinu og þau gætu sem fjölskylda haldið áfram að nema ritningarnar. Er hann bað fékk hann hugmynd: „Farðu og biddu fyrirgefningar.“ Hann hélt áfram að biðja í einlægni og bað um að andi Drottins kæmi aftur á heimilið hans. Enn á ný kom sama hugsunin: „Farðu og biddu fyrirgefningar.“

Þar sem hann vildi einlæglega vera góður faðir og gera það sem var rétt, stóð hann upp og fór að svefnherbergi dóttur sinnar. Hann bankaði varlega á hurðina nokkrum sinnum en hún svaraði ekki. Hann opnaði því hurðina hægt og sá dóttur sína grátandi á rúmi sínu. Hann kraup við hlið hennar og sagði mildri og blíðri röddu: „Mér þykir þetta leitt. Ég biðst afsökunar á því sem ég gerði.“ Hann endurtók: „Mér þykir þetta leitt, ég elska þig og ég vil ekki særa þig.“ Þá kom lexían sem Drottinn vildi að hann lærði af munni barns.

Hún hætti að gráta og eftir stutta þögn tók hún ritningarnar sér í hönd og byrjaði að leita að ritningarversi. Faðirinn horfði á fallegar og fínlegar hendurnar fléttu blaðsíðum ritninganna. Hún fann versið sem hún var að leita að og tók að lesa hægt með mildri röddu: „Því að hinn náttúrlegi maður er óvinur Guðs og hefur verið það frá falli Adams og mun verða það alltaf og að eilífu, nema hann láti undan umtölum hins heilaga anda, losi sig úr viðjum hins náttúrlega manns og verði heilagur fyrir friðþægingu Krists, sjálfs Drottins, og verði sem barn, undirgefinn, hógvær, auðmjúkur, þolinmóður, elskuríkur og

reiðubúinn að axla allt, sem Drottni þóknast á hann að leggja, á sama hátt og barn, sem beygir sig fyrir föður sínum.¹

Auðmýktin gagntók hann þegar hann á hnjánum við rúm hennar hugsaði með sjálfum sér: „Þetta ritningarvers var skrifað fyrir mig ... hún hefur kennt mér mikla lexíu.“ Síðan horfði hún á hann og sagði: „Mér þykir þetta leitt ... mér þykir þetta leitt, pabbi.“ Á því augnabliki varð föðurnum ljóst að hún var ekki að beina versinu að honum heldur að sjálfri sér. Hann faðmaði hana og þrýsti henni að sér. Kærleikur og eining urðu aftur að veruleika á þessu dásamlega augnabliki sáttar, vegna orða Guðs og heilags anda. Þetta ritningarvers, sem dóttir hans mundi eftir frá eigin ritningarnámi, hafði snortið hjarta hans með eldi heilags anda.

Kæru bræður, heimili okkar verður að vera sá staður sem heilagur andi getur dvalið á: „Aðeins heimilið getur jafnast á við musterið að heilagleika.“² Það er ekkert pláss fyrir hinn náttúrulega mann á heimilum okkar. Hinn náttúrulegi maður hefur tilhneigingu til „að hylja syndir [sínar] eða seðja hroka [sinn] og fánýta metorðagirnd, eða beita stjórn eða yfirráðum eða þvingun við sálir mannanna barna, hversu lítið sem óréttlætið er, sjá, þá draga himnarnir sig í hlé. Andi Drottins tregar, og þegar hann er vikinn á brott, er úr sögunni prestdæmi eða vald þess manns.“³

Við sem höfum Aronsprestðemið eða Melkisedeksprestðemið ættum ætíð að muna, að „engu valdi eða áhrifum er hægt eða ætti að beita í krafti prestdæmisins, heldur með fortölum einum, með umburðarlyndi, með mildi og hógværð og með fölskvalausri ást – Með góðvild og hreinni þekkingu, sem stórum mun þroska sálina, án hræsni og án flærðar.“⁴

Ágreiningur hverfur á heimili okkar og úr lífi okkar er við kappkostum að lifa eftir þessum kristilegu eiginleikum. „Og þér skuluð einnig fyrirgefa misgjörðir hver annars, því að sannlega segi ég yður, að sá, sem fyrirgefur ekki misgjörðir náunga síns, þegar hann segist iðrast, hann hefur kallað fordæmingu yfir sjálfan sig.“⁵ „... Mér þykir þetta leitt ... mér þykir þetta leitt, pabbi.“

Drottinn Jesú Kristur, sem er friðarhöfðinginn, kennir okkur að stuðla að friði á heimilum okkar.

Hann kennir okkur að vera undirgefin eða með öðrum orðum að beygja okkur undir vilja eða mátt Drottins. „Farðu og biddu fyrirgefningar.“

Hann kennir okkur að vera hógvær, eða með öðrum orðum, að vera „skapgóð, mild, ljúf, ekki reiðigjörn eða þrasgjörn, undirgefin, umburðarlynd í meingjörð.“⁶

Hann kennir okkur að vera auðmjúk, eða með öðrum orðum, að vera „lítillát, hæversk, bljúg, auðsveip, sem er andstætt *hroka, drambsemi, stærilæti eða tilætlunarsemi*.“⁷

„Fyrirgefðu. Ég biðst afsökunar á því sem ég gerði.“

Hann kennir okkur að vera þolinmóð, eða með öðrum orðum, að „vera hæf til að sporna gegn illu, án þess að mögla eða þrasa“ eða að „sýna rósemi þegar okkur er gert eitthvert mein eða til miska.“⁸

Hann kennir okkur að vera full elsku. „Ég elska þig og vil ekki særa þig.“

Já, kæru bræður mínir, hann kennir okkur að losna úr viðjum hins náttúrlega manns, eins og faðirinn í þessari sögu, sem sárþændi Drottin um liðsinni. Já, rétt eins og faðirinn faðmaði dóttur sína elskandi örmum, býður frelsarinn okkur faðm sinn þegar við einlæglega iðrumst.

Hann kennir okkur að verða heilög fyrir friðþægingu Krists, Drottins. Og síðan munum við sættast við Guð og verða vinir Guðs. Ég ber vitni um raunveruleika og kraft friðþægingar frelsarans til að hreinsa okkur og gera okkur og heimili okkar heilög, er við kappkostum að losna úr viðjum hins náttúrlega manns og fylgja honum.

Hann er lamb Guðs.⁹ „Hann er hinn heilagi og réttláti,¹⁰“ og „nafn hans skal kallað Undraráðgjafi, Guðhetja, Eilífðarfaðir, Friðarhöfðingi.“¹¹

Í nafni Drottins Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Mósía 3:19.
2. Bible Dictionary, „Temple.“
3. K&S 121:37.
4. K&S 121:41–42.
5. Mósía 26:31.
6. *Noah Webster's First Edition of an American Dictionary of the English Language*, 9. útgáfa (1996), „meek“.
7. *Noah Webster's First Edition*, „humble.“
8. *Noah Webster's First Edition*, „patient.“
9. Jóh 1:29.
10. Post 3:14, ný alþjóðleg útgáfa.
11. Jesaja 9:6.